

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 2008 í máli nr. E-2521/2008:

**Gylfi Sigurðsson**

*(Steingrímur Þormóðsson hrl.)*

**gegn**

**Tryggingamiðstöðinni hf.**

*(Guðmundur Pétursson hrl.)*

### I

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. nóvember sl., að loknum munnlegum málflutningi og endurupptekið og flutt að nýju fyrr í dag, var höfðað fyrir dómþinginu af Gylfa Sigurðssyni, Sólvöllum 3, Húsavík, á hendur Tryggingamiðstöðinni hf., Aðalstræti 6-8, Reykjavík, með stefnu áritaðri um birtingu hinn 31. mars 2008.

Endanlegar dómkröfur stefnanda voru þær, að stefnda verði dæmd til þess að greiða stefnanda 7.572.843 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 4. mars 2004 til 7. janúar 2008, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 1.650.191 krónu krónur með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Þá krafðist stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu.

Stefnda krafðist aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar, að skaðlausu úr hans hendi, en til vara lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, áður en dómur var kveðinn upp.

### II

Málavextir eru þeir, að stefnandi slasaðist hinn 4. mars 2004 við vinnu sína um borð í Flatey ÞH., sem er skip í eigu útgerðarinnar Íshafs hf., Ásgarðsvegi 2,

Húsavík. Var skipið tryggt hjá stefndu.

Stefnandi kveðst hafa verið að hífa út toghlera sem lá á dekkinu. Þung keðja, sem fest hafi verið við hlerann hafi slegist í höfuð stefnanda. Stefnandi kveðst hafa fengið mikið högg á hægri auga og síðan misst meðvitund. Er hann hafi fengið meðvitund aftur hafi hann ekkert séð með hægri auganu fyrstu 3 til 4 klukkutímana. Sjónin hafi komið til baka næstu 2 vikurnar, en þó mjög bjöguð.

Í vottorði Ingimars S. Hjálmarssonar, læknis á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, dagsettu 22. september 2004, segir m.a. „Við eftirlit hinn 7. mars lýsti maðurinn tvísýni, einkum þegar hann horfði beint fram. Útlínur stundum bjagaðar og sjón óskýr með hægri auga. Lýsti blæðingu undir conjunctiva hægri augans, glóðarauga. Sjónsvið á hægri auga nokkuð skert.“

Stefnandi taldi sjón sína hafa versnað á hægri auga, en hann er með ættgengan augnbotnasjúkdóm. Leitaði stefnandi til augnlæknanna Margrétar Loftsdóttur og Maríu Soffíu Gottfreðsdóttur vegna þessa.

Með samkomulagi stefnda og þáverandi lögmanns stefnanda var ákveðið að fela Leifi Dungal, lækni, og Ingvari Sveinbjörnssyni, hrl. að meta afleiðingar slyssins. Er mat þeirra dagsett 8. ágúst 2005. Samkvæmt matinu var varanlegur miski stefnanda metinn 10% og varanleg örorka 10%. Í samantekt matsgerðarinnar kemur m.a. fram, að stefnandi sé með ættgengan augnbotnasjúkdóm, sem að hans sögn hafi þó engin veruleg áhrif haft á sjón hans hin síðari ár. Hafi hann notað sama gleraugnastyrkleika í fimmtán ár. Síðan segir:

*„Í vinnuslysi 040304 var Gylfi við vinnu á dekki rækjutogarans Flatteygjar DH-383 þegar þung keðja slóst í höfuð honum, en Gylfi var með öryggishjál. Mikið högg kom ofan á hjálminn og sennilega á hægri augabrún sem og á nefsöðli. Gert var að sárum og þau saumuð. Í eftirliti þremur dögum síðar lýsti Gylfi tvísýni og bjöguðum útlínum. Honum var vísað til augnlæknis sem lýsti vægri blæðingu í sjónhimnu en taldi að tvísýni gæti verið vegna bólgu og þrota í kringum augað. Gylfi sá lítið sem ekkert með hægri auganu fyrstu tímana eftir slysið en sjónin lagaðist svo smám saman næstu vikurnar, þó talsvert bjöguð. Á næstu mánuðum á eftir fór sjónin svo aftur versnandi og hefur Gylfi verið í skoðun hjá augnlækni í Reykjavík, sem hefur sérhæft sig í augnbotnasjúkdómum. Sá augnlæknir telur hugsanlegt að höggið hafi valdið bjúgi í sjónhimnu eða lítilli rifu á choroidea. Í niðurlagi vottorðs er ekki getið um horfur en að sögn Gylfa hefur augnlæknirinn varað hann við að sjón geti jafnvel tapast á hægri auga þegar fram í sækir.*

*Gylfi kvartar um að eftir slysið hafi hann átt við ýmis óþægindi frá hægri auga að stríða, þessi óþægindi hafi heldur farið versnandi. Hann eigi erfitt með lestur, einnig með vinnu sína um borð, finni fyrir birtuópoli en jafnframt geti hann lítið séð til í myrkri með hægri auga. Loks kvartar Gylfi um höfuðverki af og til.*

*Höfuðverkir geta verið afleiðing þess þunga höfuðhöggs sem Gylfi fékk og ljóst er að sú versnun á sjón sem Gylfi lýsir er að verulegu leyti tilkomin vegna afleiðinga vinnuslyssins 040304. Þannig megi ætla að ættgengur hrörnunarsjúkdómur í augnbotnum myndi hafa smám saman leitt til versnandi sjónar en að höggið hafi flýtt mjög fyrir þessum sjúkdómsgangi. Varanlegur miski*

*er metinn vegna afleiðinga höfuðhöggs og versnunar á sjón og telst hæfilega metinn 10 stig.*

*Tímabundið atvinnutjón er metið samkvæmt framlögðu læknisvottorði og telst hafa verið frá slysdegi og fram til 190304.*

*Matsmenn telja að Gylfi hafi talist veikur í skilningi skaðabótalaga í tvo mánuði eftir þetta slys og miðast batahvörf við dagsetninguna 010504.*

*Við mat á varanlegri örorku er litið til þeirra einkenna sem að framan er lýst. Stuttur tími er liðinn frá slysi og verða því ekki dregnar neinar ályktanir af tekjusögu um áhrif slyssins á starfsgetu til lengri tíma litið. Gylfi hefur afar takmarkaða menntun en mikla starfsreynslu sem sjómaður og með 65 tonna skipstjórnarréttindi. Matsmenn telja líklegt að afleiðingar slyssins muni hafa truflandi áhrif á vinnu hvort sem miðað er við störf í landi eða á sjó. Afleiðingar slyssins eru ekki þess eðlis að mati matsmanna að hann verði að hætta á sjó. Nokkrum vandkvæðum er bundið að meta áhrif á starfsgetu til lengri tíma litið þar sem afleiðingar slyssins tengjast sjón á öðru auga auk höfuðverkja. Undirliggjandi er og augnsjúkdómur sem líklegt er að hefði áhrif á starfsgetu á efri árum. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með tilvísun til almennra sjónarmiða er varanleg örorka metin 10%.“*

Hinn 31. ágúst 2005 tók þáverandi lögmaður stefnanda á móti bótagreiðslum fyrir hans hönd, án fyrirvara. Voru stefnanda greiddar 4.112.764 krónur úr ábyrgðartryggingu ms. Flateyjar ÞH 383.

Stuttu síðar var stefnandi metinn hjá Tryggingastofnun ríkisins af Halldóri Baldurssyni, aðstoðartryggingayfirlækni. Mat hann tvísýni stefnanda til 10% miska og sjóntruflanir til 5% miska, eða samanlagður miski 15%.

Stefnandi kveður að í ársbyrjun 2006 hafi afleiðingar slyssins farið versnandi. Kveðst hann hafa leitað sér lögmannsaðstoðar vegna þess. Hafi lögmaðurinn ráðlagt honum að leita til Marinós P. Hafstein, taugalæknis. Í vottorði læknisins, dagsettu 10. júlí 2006, segir, að höfuðáverkar stefnanda séu meiri en fram komi í þeim vottorðum sem aflað hafi verið fyrir matsgerð þeirra Leifs N. Dungal og Ingvars Sveinbjörnssonar frá 8. ágúst 2005. Í framhaldi af því leitaði stefnandi til Guðmundar Viggóssonar, augnlæknis. Í vottorði hans, dagsettu 6. október 2006, kemur fram að stefnandi hafi enn mikil einkenni, bæði almenn og staðbundin frá höfði og hálsi eftir slysið. Telur læknirinn að sjónskerðing á hægri auga stefnanda sé vegna slyssins, enda hafi sjónin versnað óeðlilega hratt á stuttum tíma úr 1,0 niður í 0,7-0,8 á nokkrum mánuðum. Rökin fyrir því, að það megi tengja slysinu telur hann vera eftirgreind: 1) að fljótlega eftir slysið hafi stefnandi upplifað bjögun á sjón hægri augans, sem bendi til skyndilegrar bjúgmyndunar, 2) að augnlæknir hafi séð smá-blæðingu við þann arm stjörunnar sem legið hafi við lespunktinn, en það hvort tveggja bendi eindregið til skyndilegs viðbótar rofs á æðahimnu augans. Slíkar snöggar breytingar séu ekki hluti af náttúrulegum gangi sjúkdómsins. Telur læknirinn ekki ósennilegt að sjónskerpa augans eigi eftir að versna frekar í náinni framtíð, þar sem hrörnunin sé þegar komin ofan í lespunkt hægri auga. Gæti sjónskerpan á auganu því hæglega versnað niður undir lögblindumörk (10%) á næstu árum. Megi því segja að sjónskerðing nú sé vegna áhrifa umrædds slyss á meðfæddan sjúkdóm hans og hafi slysið umtalsvert flýtt

fyrir náttúrulegum gangi sjúkdómsins, sem nemi fjölda ára.

Stefnandi fékk þá Björn Daniélsson, lögfræðing, og Stefán Dalberg, lækni, til að endurmeta örorku stefnanda á afleiðingum slyssins. Er matsgerð þeirra dagsett 5. desember 2007. Er niðurstaða þeirra, að stefnandi hafi hlotið 20 stiga miska vegna slyssins og 30% varanlega örorku.

Á grundvelli þessa mats krafði stefnandi stefndu, hinn 7. desember 2007, um bætur fyrir 10% miska og 20% varanlega örorku, í viðbót við það sem þegar hafði verið greitt.

Stefnda svaraði þessu bréfi stefnanda með símbréfi, dagsettu 28. desember 2007, og tilkynnti lögmanni stefnanda, að því mati yrði ekki unað, en óskað yrði eftir álitni örorkunefndar. Er álit hennar dagsett hinn 14. ágúst 2008. Segir þar m.a. að stefnandi hafi í áðurgreindu slysi fengið högg á höfuðið við störf sín um borð í togara. Tvennum sögum fari af því hvort hann hafi rotast eður ei, en a.m.k. hafi hann fengið högg á hægri augað þannig að gleraugu hafi brotnað og hann fengið skurð. Að sögn stefnanda hafi hann ekkert séð með auganu til að byrja með, en ekkert sé minnst á það fyrir en í skoðun á skurðunum þremur dögum eftir slysið. Hann hafi verið saumaður samdægurs og skoðaður af lækni. Við skoðun á skurðinum hinn 7. mars 2004, þ.e.a.s. þremur dögum eftir slysið, hafi komið í ljós tvísýni og vandamál með sjón á hægri auga. Stefnandi hafi þá verið sendur strax til augnlæknis á Akureyri og skoðaður þar vel og nákvæmlega. Einhver grunur hafi þá vaknað um að hann hafi hlotið einhverja áverka á sjónhimnu, en ekki hafi komið fram blæðing inn á forhólf eða gler. Talið hafi verið að tvísýni hans og sjóntruflanir væru afleiðing af högginu, enda hafi hann verið með glóðarauga um augað. Stefnandi sé með ættgengan hrörnunarsjúkdóm í augum, en að hans sögn og samkvæmt gögnum sem fyrir örorkunefnd hafi legið hafi sá sjúkdómur ekki haft áhrif á sjón hans í mörg ár þar á undan. Stefnandi hafi einnig farið að kenna sér meiri óþæginda frá hálsi, sem hrjái hann enn í dag við störf. Stefnandi starfi sem sjómaður, en við öðruvísi vinnu en áður og treysti sér ekki til sömu vinnu og áður, eða a.m.k. ekki samskonar, enda hafi fyrirtækið sem hann hafi starfað hjá orðið gjaldþrota. Eftir það hafi hann unnið við dagróðra og vinni enn. Við skoðun hafi komið í ljós eymsli á hálsi, sem gætu samræmst afleiðingum af hálstögnun. Hann hafi einnig verið mældur með breytingu á sjón hægri megin frá því fyrir slysið.

Þá segir í álitinu, að þeir augnlæknar sem komið hafi að máli stefnanda telji langmestar líkur á því að sú breyting sem orðið hafi á sjóninni hægri megin sé afleiðing slyss þess sem hér um ræði, en ekki einungis hrörnarbreytingar vegna ættgengs sjúkdóms.

Telur því örorkunefnd að meiripartur af versnandi sjón og þeim truflunum sem stefnandi verði fyrir í daglegu lífi vegna þessa megi rekja til slyssins. Einnig segir í samantekt örorkunefndar að stefnandi hafi hlotið tognun á hálsi, sem hann sé enn að berjast við í dag, þó svo sú tognun virðist frekar væg.

Stefnandi var óvinnufær frá 4. mars 2004 til 19. mars 2004. Örorkunefnd telur að eftir 4. júní 2004 hafi tjónþoli ekki getað vænst frekari bata af afleiðingum slyssins hinn 4. mars 2004.

Örorkunefnd telur að miska og varanlega örorku stefnanda vegna afleiðinga slyssins vera hæfilega metna 15%, fimmtán af hundraði.

### III

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að þegar örorka hans hafi verið metin hinn 8. ágúst 2005, vegna slyssins, hafi ekki verið fyrir séð, að slíkar breytingar yrðu á heilsu stefnanda, sem raunin hafi orðið, sbr. framlagða matsgerð, dagsetta 3. desember 2007. Byggir stefnandi á því, að í hugtakinu heilsa sé átt við bæði miska og varanlega örorku. Þessu til grundvallar bendir stefnandi á að 11. gr. skaðabótalaga nefni breytingar á heilsu, þannig, að miski eða varanleg örorka sé verulega hærri, en áður hafi verið talið. Byggir stefnandi á því, að svo sé einmitt í hans tilviki, eins og fram komi í sérfræðimati Björns Daníelssonar og Stefáns Dalberg. Miðað við niðurstöðu mats þeirra sé um að ræða verulega hærri stig miska og örorkuprósentu en áður hafi verið miðað við. Þar með sé fullnægt skilyrðum 11. gr. laga nr. 50/1993, fyrir endurupptöku málsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að lög nr. 50/1993 byggji á að mat á miska og varanlegri örorku gangi greiðlega fyrir sig og gert sé ráð fyrir því, að tjónþolar leiti til matslækna til mats m.a. á varanlegri örorku, sem fyrst eftir að áverkar þeirra komist í jafnvægi og ekki sé að vænta frekari bata. Tímabundinni örorku ljúki þegar ekki sé að vænta frekari bata, við svokallaðan stöðugleikapunkt. Á þeim tímamarki ríði á, að niðurstaða fái fljótlega um hver varanleg örorka sé, þar sem tjónþolar séu, frá þessum tímamarki, án allra bóta og eigi oft erfitt uppdráttar, þar til endanleg niðurstaða fái. Tryggingafélög greiði ekki tímabundnar örorkubætur lengur en eitt ár nema í sérstökum tilvikum. Tjónþolar verði og að treysta því, að mót matslækna séu traust og rétt grundvölluð. Er tjónþolar hafi fengið mat á örorku vegna slysa, sé ekki annað ráð til en byggja á viðkomandi mati, því mjög kostnaðarsamt og tímafrekt sé að biðja um viðbótarmat eða dómkvaðningu sérfróðra matsmanna enda þótt einhver vafi sé í huga viðkomandi tjónþola gagnvart fyrirliggjandi mati. Einnig verði það til þess, að tjónþoli verði án bóta í langan tíma. Við þessa stöðu tjónþola bætist síðan, að þeir séu oft en ekki í erfiðri samningsstöðu við viðkomandi tryggingafélag. Allt þetta geri það að verkum að líta verði með sanngirni á mál, eins og þetta mál, þar sem í ljós hafi komið að miski og varanleg örorka sé verulega hærri en fram komi í því mati, sem fyrr hafi verið byggt á. Telur stefnandi mat þeirra Leifs og Ingvars vera hroðvirknislega unnið. Bendir stefnandi á því til stuðnings, að skömmu eftir að þeir hafi lokið mati sínu hafi hann verið metinn hjá Tryggingastofnun ríkisins til 5% hærri miska. Þá hafi Leifur Dungal starfað í fjölda ára fyrir hið stefnda félag sem verktaki og megi því draga hlutleysi hans í efa.

Einnig byggir stefnandi á því, verði ekki fallist á fyrrgreindar málsástæður hans, að í því felist þrenging á þeim reglum, sem áður hafi gilt í þessum efnunum á grundvelli meginreglna kröfuréttarins um rangar og brostnar forsendur og sanngirnirök varðandi endurupptöku skaðabótamála vegna líkamstjóna. Þar með brjóti 11. gr. skaðabótalaga gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar, en Hæstiréttur hafi

viðurkennt það í málum sínum að vinnugeta manna séu eignarréttindi, sem varin séu af 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi byggir og á því, að höfnun hins stefnda félags á greiðslu viðbótarbóta fari gegn bótaverndarákvæðum þeirra alþjóðlegu samninga, sem Ísland hafi undirgengist. Byggir stefnandi á því, að ákvæði 11. gr. skaðabótalaga, eins og það sé túlkað af hinu stefnda félagi, sé óeðlileg tálmun tjónþola til réttmætra bóta.

Stefnandi hefur sundurliðaða endanlegar dómkröfu sína með eftirgreindum hætti:

|                                  |     |           |
|----------------------------------|-----|-----------|
| 1. Miskabætur: 6.736.136 x 10%   | kr. | 673.600   |
| 2. Bætur fyrir varanlega örorku: |     |           |
| 3.729.873 x 9,984 x 20%          | kr. | 7.447.810 |
| 3. Bætur frá TR til frádráttar   | kr. | 548.567   |
| Samtals kröfur:                  | kr. | 7.572.843 |

Byggir stefnandi endanlega dómkröfu sína á því að samkvæmt sérfræðimati sé miski metinn 10 stigum hærri og varanleg örorka 20 stigum hærri en samkvæmt upphaflegu mati, sem greitt hafi verið eftir.

Stefnandi kveður kröfu sína um bætur fyrir miska vera grundvallaða á sérfræðimatinu og 4. gr. skaðabótalaga. Byggir stefnandi á 2. mgr. 15. gr. skaðabótalaga varðandi uppfærslu á höfuðstól miskabóta, eða  $4.000.000 \times 5.527/3282 = 6.736.136$  krónur.

Krafa um bætur fyrir varanlega örorku sé byggð á launum stefnanda þrjú ár fyrir slys hækkuðum samkvæmt lánskjaravísitölu og við þau bætt 6% lífeyrisiðgjaldi. Kröfu þessari til grundvallar vísar stefnandi til 5. gr. skaðabótalaga, sem og til 6. og 7. greinar sömu laga. Þá vísar stefnandi til þess að líta verði þannig á að nýr stöðugleikapunktur sé í málinu við niðurstöðu sérfræðimatsins, en þá fyrst verði séð hverjar afleiðingar slyssins hafi í raun verið.

Bætur fyrir annað fjártjón og sjúkrakostnað, sé vegna læknskostnaðar, sem stefnandi hafi haft af endurupptöku máls þessa og ferðakostnaðar hans til Reykjavíkur 4 sinnum til lækna. Matskostnaður sé 350.320 krónur. Læknisvottorð Guðmundar Viggóssonar sé 30.000 krónur og vottorð Marinós P. Hafstein 35.000 krónur. Ferðakostnaður og símkostnaður áætli stefnandi 60.000 krónur. Alls sé því krafa vegna fjártjóns og sjúkrakostnaðar 475.000 krónur. Krefst stefnandi þess, að lítið verði til þessa kostnaðar hans við ákvörðun málskostnaðar.

Stefnandi kveður kostnað áður frádraginn af Tryggingastofnun ríkisins hafa verið 750.000 krónur, en hafi átt að vera 548.567 krónur. Stefnandi byggir á því, að kostnaður þessi komi til frádráttar kröfum hans.

Stefnandi hefur sundurliðaða endanlega varakröfu sína með eftirgreindum hætti:

|   |     |           |
|---|-----|-----------|
| Miskabætur 6.736.136 x 5%                 | kr. | 336.806   |
| Bætur fyrir varanlega örorku              |     |           |
| 3.729.873 x 9,984 x 5%                    | kr. | 1.861.952 |
| Bætur frá Tryggingastofnun til frádráttar | kr. | 548.567   |
| Samtals                                   | kr. | 1.650.191 |

Varakröfu sína rökstyður stefnandi á sömu lund og aðalkröfu, en miðar við álit örorkunefndar, þar sem hækkun á miskastigi var talinn 5 stig og hækkun á varanlegri örorku 5 stig.

Um lagarök vísar stefnandi til skaðabótalaga nr. 50/1993, almennra reglna fjármunaréttarins og 72. gr. stjórnarskrárinnar.

#### IV

Stefnda hefur viðurkennt bótaskyldu, enda hafi félagið gert upp tjónið á grundvelli upphaflegrar matsgerðar, dagsettri 31. ágúst 2005.

Stefnda mótmælti niðurstöðu mats Björns Daníelssonar og Stefáns Dalberg. Í greinargerð áskildi stefnda sér rétt til að afla álits örorkunefndar, sem félagið og gerði undir rekstri málsins. Mótmælti stefnda því, að heimilt væri að endurupptaka uppgjör frá 31. ágúst 2005 með vísan til 11. gr. skaðabótalaga, þar sem skilyrðum hennar væri ekki fullnægt. Í þinghaldi hinn 8. september sl., er álit örorkunefndar lá fyrir, óskaði lögmaður stefndu eftir því að bókað yrði að hann teldi að í ljósi niðurstöðu álitsgerðar örorkunefndar væru ekki efni til að fallast á endurupptöku málsins.

Mál þetta snúist um greiðslur úr slysatryggingu sjómanna. Eins og kröfugerð stefnanda sé háttað þýði það, að bætur skuli ákvarðast eftir reglum skaðabótalaga, sbr. grein 6.1 í skilmálunum. Það þýði að frádráttarreglur skaðabótalaga gildi um bótagerðsluna og verði því að hafna sjónarmiðum stefnanda hvað það varði og mótmælti stefndi sjónarmiðum stefnanda hvað þetta varðaði. Þá mótmælti stefnda sjónarmiðum stefnanda um að 11. gr. skaðabótalaga brjóti gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar og sömuleiðis að afstaða stefndu brjóti gegn bótaverndarákvæðum alþjóðasamninga er Ísland kunnir að hafa gengist undir, enda sé það örökstutt með öllu.

Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu eftir að stefnandi leiðrétti kröfur sínar í upphafi aðalmeðferðar, en hins vegar féllst stefnda á leiðréttingu vegna áætlaðs verðmætis greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, sem í upphaflega uppgjörinu hafi verið ákveðið 750.000 krónur, en hafi reynst lægra, eða 548.567 krónur.

Stefnda mótmælir sérstaklega upphafstíma dráttarvaxta, enda hafi fullnægjandi gagna til ákvörðunar bótafjárhæðar ekki verið aflað fyrir en álit örorkunefndar lá fyrir.

Stefnda mótmælir og málskostnaðarkröfu stefnanda, en stefnda telur að hér hafi mál verið höfðað að ófyrirsynju, án þess að gagnaöflun væri lokið og sjónarmið stefnanda um að málssókn hafi verið nauðsynleg til að rjúfa fyrningu séu stefndu óviðkomandi, þar sem stefnda hafi engin áhrif getað haft á það.

## V

Eins og áður hefur komið fram varð stefnandi fyrir slysi við vinnu sína hinn 4. mars 2004. Er ekki ágreiningur um að stefndi beri ábyrgð á tjóni stefnanda vegna þessa. Í samræmi við það greiddi stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., sem ábyrgðartryggjandi, stefnanda bætur vegna tjóns hans. Voru bætur greiddar hinn 31. ágúst 2005 á grundvelli örorkumats Leifs Dungal, læknis, og Ingvars Sveinbjörnssonar hrl., dagsettu 8. ágúst 2005. Samkvæmt þeirri matsgerð var varanleg örorka stefnanda metin 10% og varanlegur miski 10%. Þá var svokallaður stöðugleikapunktur ákveðinn 4. maí 2004, og eftir þann tíma hefði stefnandi ekki getað vænst frekari bata. Samkvæmt framlagðri tjónskvittun var þar tekið á móti greiðslu bóta vegna slyssins, sem fullnaðar- og lokagreiðslu.

Eftir þetta taldi stefnandi heilsu sinni hraka og afleiðingar slyssins hafa orðið meiri en lagt var til grundvallar við bótauppgjörið.

Í málinu liggja fyrir nýjar matsgerðir og vottorð lækna. Fékk stefnandi, án aðkomu stefnda, Björn Daníelsson lögfræðing og Stefán Dalberg, lækni, til að endurmeta örorkuna. Töldu þeir, að heilsa stefnanda hefði versnað frá því að hann fór í skoðun til fyrri matsmanna, hinn 22. apríl 2005, og fram til þess dags er þeir skoðuðu stefnanda, sem var 26. október 2007. Byggðu þeir það mat sitt á því, að einkenni frá hægri auga hefðu versnað en líka á auknum höfuðverk stefnanda. Töldu þeir, að umfang einkenna frá hægri auga væri meira en það hefði verið þegar fyrri matsfundur fór fram. Þá töldu þeir aukin líkindi fyrir versnandi einkennum í hægri auga í samræmi við áðurgreint læknisvottorð Guðmundar Viggóssonar, dagsett 6. október 2006, en þar komi fram, að ekki sé ósennilegt að sjónskerpa versni frekar í náinni framtíð, þar sem hrörnunin sé þegar komin ofan í lespunktinn á hægri auga og sjónskerpan geti hæglega versnað niður undir lögblindumörk á næstu árum. Töldu þeir varanlega örorku stefnanda rétt metna 30% og varanlegan miski 20%.

Samkvæmt álitargerð örorkunefndar, sem dagsett er 14. ágúst 2008, var varanleg örorka stefnanda vegna slyssins metin 15% og varanlegur miski 15%. Kemur þar fram, að við skoðun hafi komið í ljós eymsli á hálsi, sem gætu samræmst afleiðingum eftir hálstögnun, en sú tögnun sé frekar væg. Stefnandi hafi einnig verið mældur með breytingu á sjón hægra megin frá því fyrir slysið. Telji augnlæknar, sem komið hafi að máli stefnanda, langmestar líkur á því að sú breyting sem orðið hafi á sjóninni hægra megin sé afleiðing slyssins, en ekki einungis hrörnnarabreytingar vegna ættgengs sjúkdóms. Taldi örorkunefndin, að eftir 4. júní 2004 hefði stefnandi ekki getað vænst frekari bata af afleiðingum slyssins. Kom fram við aðalmeðferð málsins, að fyrrgreind hálstögnun hefði ekki haft áhrif á mat á örorku.

Þegar litið er til læknisfræðilegra gagna, sem fyrir liggja í málinu, og skýrslna stefnanda og skýrslna lækna við aðalmeðferð málsins, er það álit hinna sérfróðu meðdómenda, að engin veruleg og ófyrirsjáanleg breyting hafi orðið á heilsufari stefnanda vegna afleiðinga slyssins frá því áður nefnt bótauppgjör fór fram. Verður ekki ráðið af vottorðum augnlækna að veruleg breyting hafi orðið á sjónskerpu stefnanda frá því að matið, sem greitt var eftir, lá fyrir. Kemur það fram m.a. í vottorði augnlæknisins Margrétar Lofsdóttur, sem mældi sjón stefnanda á hægra auga tæplega 1,0 og 1,0 á vinstra auga, með gleraugum. Í vottorði Maríu Soffíu Gottfreðsdóttur augnlæknis, dagsettu 20. nóvember 2004, kemur fram, að við skoðun 17. ágúst 2004 sé sjón stefnanda með gleraugum 0,7 á hægra auga, en 1,0 á vinstra. Í vottorði Guðmundar Viggóssonar, augnlæknis, dagsettu 6. október 2006, mældist sjón stefnanda 0,7-0,8 á hægra auga. Sérfróðir meðdómendur telja, að bæði mat Leifs N. Dungal, læknis, og Ingvars Sveinbjörnssonar hrl., sem samkomulag varð um milli aðila að biðja um, sem og álit örorkunefndar, séu studd gildum rökum. Að vísu er 5% munur milli matanna á varanlegri örorku stefnanda sem og varanlegum miska, en að mati hinna dómkvöddu matsmanna sé það ekki vegna sjúkdómseinkenna, sem ekki hafi verið tekið tillit til í fyrra mati og við uppgjör aðila. Með vísan til þess sem fyrir liggur verður því ekki talið að ófyrirsjáanleg og veruleg breyting hafi orðið á heilsufari stefnanda frá því upphaflegt örorkumat fór fram.

Í 11. gr. skaðabótalaga er heimild til að taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska eða örorkubætur. Skilyrði slíkrar endurupptöku er að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola þannig að ætla megi að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður var talið. Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að forsendur séu brostnar fyrir tjónsuppgjöri því, sem fram fór 31. ágúst 2004, en stefnandi naut við það lögmannaástoðar. Eru skilyrði 11. gr. skaðabótalaga því ekki uppfyllt og því ekki fallist á að efni séu til að taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska eða örorku stefnanda, enda var gengið til þess uppgjors án nokkurs fyrirvara. Með því að komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að ekki hafi orðið veruleg breyting á heilsu stefnanda frá því að uppgjör vegna slyssins fór fram, verður ekki fallist á að uppgjörið hafi verið bersýnilega ósanngjarnt í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936, að forsendur fyrir bótauppgjöri aðila séu brostnar þannig að efni séu til að víkja því til hliðar, eða að bótauppgjörið hafi verið brot á 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þá kemur ekki til skoðunar sú málsástæða stefnanda, að höfnun stefnda á greiðslu viðbótarbóta fari gegn bótaverndarákvæðum ótilgreindra alþjóðlegra samninga, sem Ísland hafi undirgengist, enda með öllu órökstutt af

stefnanda.

Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, héraðsdómari, sem dómsformaður, ásamt læknum Friðberti Jónassyni og Ríkarði Sigfússyni.

## **D Ó M S O R Ð :**

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf. er sýkn af kröfum stefnanda, Gylfa Sigurðssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Hervör Þorvaldsdóttir

Friðbert Jónasson

Ríkarður Sigfússon